



Vildi aðeins vera í fótbolta

● Rósa var fyrsti landsliðsfyrirliðinn ● Fyrirliði Breiðabliks frá tólf ára aldri ● Eftirminnilegir fyrstu landsleikir ● Margt breyst undanfarna áratugi ● Ísland með skemmtilegt lið á EM 2025

FYRIRLIÐINN

Gunnar Egill Danielsson
gunnaregill@mbl.is



Rósa Áslaug Valdimarsdóttir var fyrsti fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu þegar liðið lék sinn fyrsta leik árið 1981 gegn Skotlandi í Kilmarnock.

„Það var mikill heiður að vera skipaður fyrsti fyrirliðinn og kom mér á óvart. Þetta er náttúrliga ekkert sjálfgefið en það var margt búið að gerast. Ég var búin að vera mjög lengi í þessu,“ sagði Rósa í samtali við Morgunblaðið, en þrátt fyrir að hafa verið lengi að var hún þá aðeins 22 ára gömul.

Rósa var fyrirliði Breiðabliks á þessum tíma og hafði raunar verið allt frá unga aldri. „Já, frá upphafi, frá því ég var 12 ára. Við vorum ekki gamlar í Breiðabliki þá en það voru önnur lið sem voru með eldri stelpur,“ útskýrði hún.

Rósa var einungis 13 ára þegar fyrsta Íslandsmót kvenna fór af stað árið 1972. Faðir hennar heitin, Valdimar Kristinn Valdimarsson, gjarnan kallaður Valdi vallarvörður þar sem hann fór með umsjón fót-boltavallanna í Kópavogi, átti stóran þátt í að koma kvennaknattspyrnu á koppinn hjá Breiðabliki. Auk þess hvatti hann Rósu til þess að gera eitthvað í málunum þegar hún var ósátt við að ekkert kvennalandslið væri til.

„Það er mikið búið að fjalla um þetta, mikið búið að tala um þetta. Eina markmiðið hjá mér var að fá að vera í fótbolta. Ég var ekkert að velta mér mikið upp úr því hvernig var verið að gera við strákana eða neitt svoléiðis,“ sagði Rósa um fyrstu ár kvennalandsliðsins.

„Hvað getið þið gert?“

„Ég á bróður sem er ári eldri en ég og hann komst í unglingalandsliðið



Fyrsta landslið Íslands sem mætti Skotum í vináttulandsleik í Kilmarnock haustið 1981. Rósa er lengst til hægri í fremri röð.



Rósa lék með Breiðabliki 1972-83 og síðan með Sindra á Hornafirði.

þegar hann var sennilega í þriðja flokki. Það sat svolítið í mér. Ég hugsaði af hverju það væri unglingalandslið hjá strákum en ekki landslið hjá okkur.

Ég var einhvern tímann að býsnast yfir þessu og við ákváðum svo ég, vinkona mín og systir mín við skyldum bara fara og safna



Rósa lék fimm fyrstu landsleiki Íslands á árunum 1981 til 1983.

undirskriftum. Pabbi, sem var mikið í þessu, sagði alltaf: „Og hvað getið þið gert?“ Hann spurði að þessu þegar ég var að býsnast yfir þessu og talaði um að það væri ekki gert neitt fyrir okkur.

Þannig að við ákváðum ég, Kristín [Sylvía Valdimarsdóttir] systir mín og Binna [Bryndís Einarsdóttir]

vinkona mín að fara og tala við alla fyrirliðana, sem söfnuðu undirskriftum hjá sínum félögum. Það var auðvitað ekki um marga fyrirliða að ræða. Það voru Ragga [Ragnheiður Víkingsdóttir] í Val, Hildur [Harðardóttir] í FH og svo við.

Svo fengum við undirskriftir og síðan fór Svana [Svanfríður María Guðjónsdóttir] með þær á KSÍ-þingið 1980 og lagði listann fyrir það,“ hélt hún áfram. Svanfríður heitin var í kvennanefnd KSÍ áður en hún var kjörin fyrst kvenna í stjórn KSÍ árið 1984.“

Skotarnir með þetta vitlaust

Hvernig upplifðir þú þessi fyrstu landsliðsár?

„Þetta var ótrúlega skemmtilegt, bara virkilega gaman og mikill heiður fyrir okkur. Fyrsti leikurinn í Skotlandi, þá var mikil rigning og völlurinn þungur. Ég vissi það nú ekki fyrr en ég las bókina Stelpurnar okkar að samkvæmt FIFA spiluðum við eftir réttum reglum á Íslandi, 2x35 mínútur með bolta númer fjögur, en Skotarnir voru með þetta vitlaust.

Þannig að leikurinn var of langur og boltinn var of stór. Völlurinn var mjög þungur en þetta var mjög eftirminnilegur leikur. Það var alveg magnað að upplifa það sem við upplifðum þar,“ sagði hún en Skotar unnu nauman sigur, 3:2.

Auk þess að vera fyrsti fyrirliði landsliðsins lagði Rósa upp fyrsta mark landsliðsins, í leiknum gegn Skotum 1981, og var svo á skot-skónum í fyrsta keppnisleiknum, eftirminnilegu 2:2-jafntefli gegn Nor-egi á útivelli árið 1982 í undankeppni fyrsta Evrópumótsins, EM 1984.

„Binna skoraði fyrsta markið á móti Skotum en ég átti sendinguna. Ég man mjög vel eftir því, það var ofboðslega eftirminnilegt. Við spiluðum oft þannig að stunguboltarnir komu á milli bakvarðar og hafsents.

Við vorum búnar að æfa þetta í mörg ár. En ég jafnaði leikinn á móti Norðmönnum með vítinu. Einhvern veginn upplifði ég það ekki fyrr en eftir leikinn hvað það var rosaalega stórt að gera þetta jafntefli,“ sagði hún.

Norðmenn voru vægast sagt sigurvissir fyrir leikinn. „Já, en við vorum ekkert að velta okkur upp úr slíku. Við ætluðum bara að standa okkur og njóta.“

Svo erum við lagðar niður

Rósa rifjaði upp þegar íslenska liðið var dregið úr undankeppninni fyrir EM 1987 en liðið var síðar alfarið lagt niður. Kvennalandsliðið lék engan leik frá september 1987 fram í maí 1992.

„Árið 1983 meiddist ég úti í Svíþjóð þannig að ég spilaði ekki á móti Finnum í lokaumferð undankeppninnar. Ég fékk högg á lærvöðva og það tók mjög langan tíma að jafna sig. Þessir leikir sem við spiluðum voru samt mjög eftirminnilegir. Svo erum við lagðar niður.

Það sem mér hefur fundist vanta svolítið í þessa umræðu er það sem okkur var boðið upp á þegar kom að leikjafyrirkomulagi. Það tengist ekkert umgjörð eða því fólki sem var með og í kringum okkur, ég veit að það barðist fyrir því að haldið yrði áfram með liðið.

Þegar við spiluðum á móti Norðmönnum 28. ágúst 1982 áttum við eftir tvo leiki við Val áður en við mættum Svíum. Þannig að við spiluðum framlengdan úrslitaleik við Val í bikarkeppninni og við vorum sjö Breiðabliksstelpur í byrjunarliði landsliðsins á þessum tíma. Við spiluðum úrslitaleikinn 2. september og unnum 7:6 í framlengdum leik og vítaspyrnukeppni.

Síðan, 5. september, lékum við útileik við Val í Íslandsmótinu og svo spiluðum við 9. september á móti Svíum. Þetta hefur svolítið gleymst. Það yrði aldrei boðið upp á þetta í dag og ég veit að það var reynt að fá þessu breytt þannig að leikirnir við Val færu fram eftir 9. september.

Nokkrar okkar voru nefnilega svolítið laskaðar í leiknum á móti Svíum og hópurinn sem við vorum með var ekkert svakalega breiður. Líka bara það að spila framlengdan leik og vítaspyrnukeppni, þetta er svo mikið álag á taugakerfið,“ sagði hún.

Yrði ekki gert í dag

Eftir glæsilegt jafntefli gegn Nor-egi í fyrstu umferð undankeppni EM 1984 töpuðust allir hinir leikirnir, þar á meðal 6:0 og 5:0 gegn Svíþjóð. Síðari leikurinn gegn Svíum var árið 1983 og reyndist síðasti landsleikur Rósu. Urðu þeir alls fimm og kom eina markíð gegn Noregi.

„Þetta hefur aldrei komið inn í þessa umræðu finnst mér. En þeir hjá KSÍ ákváðu að af því að okkur gekk svo illa á móti Svíum þá hættum við bara. Enginn velti fyrir sér hvort eitthvað hefði verið í gangi á undan.

Þetta yrði ekki gert í dag enda er tæpur hálfur mánuður frá því að stelpurnar hættu að spila hér heima og þar til Evrópukeppnin byrjar,“ sagði Rósa og bætti því við að ánægjulegt væri að margt hefði breyst í þessum efnun síðustu áratugi.

„Við þurftum að hafa fyrir þessu. Sumir segja að stelpurnar fái svo mikið upp í hendurnar í dag og kunni ekki að meta það en ég held að þær kunni alveg að meta það. Ég er bara fegin að þær þurfi ekki að standa í því sama og við þurftum að gera.“

Með virkilega skemmtilegt lið

EM 2025 hefst í dag þegar Ísland mætir Finnlandi í fyrstu umferð A-riðils í Thun.

Hvernig meturðu möguleika liðsins á EM í ár?

„Ég held að þær eigi mjög góða möguleika. Mér finnst við vera með virkilega skemmtilegt lið. Ég ætla bara að vona að þær auki stressið ekki mikið, ég verð þínu stressuð þegar markmennirnir eru að dulla sér með boltann og svona.

Eins og í landsleiknum um daginn þá sögðu varnarstelpurnar sem sátu við hliðina á mér þegar Cecilia var að gefa á varnarmennina: „Ekki hefðum við mátt gera þetta!“ Þær voru nú frekar hneykslaðar,“ sagði Rósa Áslaug Valdimarsdóttir í léttum dúr að lokum.

Við brjótum blað

Ný upplifun í nýju appi

Fyrsta fréttappið á Íslandi



Sæktu appið núna

Mogginn

